Nr. 18.
15.
oktbr.

# Lög

um

breyting á tilskipun um póstmál á Íslandi, 26. febr. 1872.

---

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi, og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Burðareyrir er fyrir sjerhverjar þær sendingar, sem getið er um í 2. gr. tilskipunar 26. febrúar 1872:

a) Undir laus brjef:

1. venjuleg brjef, þegar höfð eru frímerki,
ef þau vega allt að 3 kvintum .......................... 10 aurar.
— — yfir 3 kv. að 25 kv. .......................... 20 —
— — — 25 kv. að 50 kv. .......................... 30 —
Sjeu eigi höfð frímerki, verður burðareyrir tvöfaldur við það, sem hjer er ákveðið;

2. undir prentað mál í krossbandi eða einbrugðnu bandi, eða aðrar sendingar, sem nafngreindar eru í 2. gr. nefndrar tilskipunar staflið a. 2., helmingur brjefburðareyris þess, sem getið var, ef frímerki eru við höfð, en þó eigi minna en 10 aurar undir hverja sendingu.
Sjeu frímerki eigi við höfð við sendingar þessar, eða ef á þær er ritað nokkuð, sem eigi er leyft af póststjórninni, eða ef umbúðirnar, sem eiga að vera svo lagaðar, að hægt sje að kanna, hvað í þeim er, eru með öðru móti, en hún hefir fyrir lagt, þá fer um borgunina eptir því, sem fyrir er mælt um almenn brjef, þegar frímerki eru ekki við höfð.

3. 20 aurar greiðast enn fremur fyrir að takast á hendur ábyrgð hverrar sendingar, sem nafngreind er í 1. og 2.;

b) Undir peningabrjef:
Burðareyrir eptir vikt, eins og ákveðið er í a. 1., og að auki 5 aurar í ábyrgðargjald fyrir hverjar 100 kr. eða minni upphæð þeirra peninga, er til færðir eru utan á brjefinu.
Sje þess krafizt, að peningar, sem sendir eru, sjeu taldir á pósthúsinu, skal fyrir það greiða 2 aura af hverjum 100 kr. og minni upphæð, allt að 500 kr., en 1 eyri af hverjum 100 kr. eða minni upphæð, sem fram yfir er.

# Lov

Nr. 18.
15.
Oktbr.

om

## Forandring i Forordning om Postvæsenet paa Island af 26de Februar 1872.

---

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Portoen er for enhver af de i Forordning af 26de Februar 1872 § 2 omhandlede Forsendelser:

a. For løse Breve:

1) for almindelige Breve, som forud ere frigjorte,

| | | | |
|---|---|---|---|
| naar de veie | indtil 3 Kvint | | 10 Øre. |
| — — | over 3 indtil 25 Kvint | | 20 — |
| — — | — 25 — 50 | — | 30 — |

Ere de ikke forud frigjorte, betales det Dobbelte af de her bestemte Satser.

2) for trykte Sager under Kors= eller Enkeltbaand eller andre af de i bemeldte Forordnings § 2 litra a. Nr. 2 omhandlede Forsendelser, naar de ere forud frigjorte, Halvdelen af fornævnte Porto, dog ikke under 10 Øre for hver Forsendelse.

Ere de ikke forud frigjorte, eller indeholde de andet skrevet, end af Postbestyrelsen tilladt, eller ere de ikke behandlede efter de af denne givne Regler for Indpakningen, hvis Beskaffenhed maa være saadan, at Indholdet med Lethed kan undersøges, anvendes Taxten for almindelige Breve, som ikke forud ere frigjorte.

3) for Anbefaling af de under Nr. 1 og 2 omhandlede Forsendelser betales endvidere 20 Øre for hver.

b. For Pengebreve:

En Porto efter Vægten, som ovenfor under litra a. Nr. 1 fastsat og desuden en Assurancepræmie af 5 Øre for hvert 100 Kroner eller derunder af den paa Brevet angivne Værdi.

Forlanges Indholdet af Pengeforsendelser ved Indleveringen eftertalt paa Posthuset, beregnes derfor 2 Øre for hvert 100 Kroner og derunder indtil 500 Kroner, og 1 Øre for hvert 100 Kroner eller derunder af den overskydende Del.

Nr. 18. 15. oktbr.

c. Undir böggla:

30 aura fyrir hvert pund, sem böggullinn vegur; telst þá partur úr pundi sem heilt sje. Sje verð til greint, greiðist enn fremur ábyrgðargjald það, sem fyrir er mælt í staflið b. Sjeu í bögglinum gjaldgengir peningar, peninga ígildi, skuldabrjef, þeim nýt, er í höndum hefir, eða aðrir þvílíkir pappírar, og sje beiðzt tölu á því fje, þá fer um þær sendingar, sem um peningabrjef. Undir tilvísunarbrjef þarf eigi sjer í lagi að borga.

Sje miði látinn fylgja brjefum, sem falin eru á hendur, peningabrjefum eða bögglum, til kvittunar af hálfu viðtakanda, verður undir hann að borga sem almennt brjef.

Um móttöku þeirra sendinga, sem nefndar eru í a. 3 og b. og c., skulu póstembættismenn láta í tje skriflega viðurkenningu móti 5 aura borgun; þó skal sá, er sendir, eigi þurfa að borga fyrir þessa viðurkenningu, ef hann hefir póstkvittunarbók með sjer, sem ritað er í nafn móttökumanns sendingarinnar, verð hennar og vikt, svo að viðkomandi póstembættismaður eigi þurfi annað en rita nafn sitt. Fyrir sendingar þær, sem nefndar eru í a. 1. og 2., verður ekki krafizt viðurkenningar.

5 aura skal greiða fyrir hvað eina af því, sem hjer er nefnt: fyrir að leggja til lakk til innsiglis á sending, fyrir að setja á merki, sem þörf er á, fyrir umbúðir peningabrjefs, fyrir utanáskript eða tilvísunarbrjef, en þó má sú borgun samtals eigi fara fram yfir flutningseyri sendingarinnar.

þegar þær sendingar, sem eigi hafa komizt úr vörzlum póststjórnarinnar, verða sendar aptur frá þeim stað, er þær áttu að fara til, eða þeim verður komið lengri veg, gjaldast í aukagjald fyrir þann flutning 2 aurar fyrir hverjar 100 kr., ef peningar eru sendir, og 10 aurar fyrir hvert pund í bögglum, og þó aldrei minna en 10 aurar. Aðrar sendingar eru því aukagjaldi undan skildar.

það sem goldið er, eptir því sem tiltekið er í þessari grein, fyrir að telja peninga, fyrir lakk til innsiglis á sendingu, fyrir að setja á merki, og fyrir lausar kvittanir, o. s. frv., fellur til hlutaðeigandi póstþjóna.

2. grein.

Á pósthúsum má panta dagblöð og tímarit, og setur póststjórnin þær reglur, er hjer þarf við að hafa.

Taki póststjórnin að sjer flutning á ritum þessum, er burðareyrir 1 eyrir fyrir hver tvö númer, og skal reikna þetta eptir meðaltölu á því, sem ætlast má til að komi út á því tímabili, sem áskriptin er miðuð við; þó skal 10 aura greiða að minnsta kosti fyrir sending á þeim númerum, sem út eru komin á einum ársfjórðungi.

Fyrir að panta blöðin og fyrir borgunarheimtur og reikningsskil, sem því eru sameinuð, greiðist 8 af hundraði af verði blaðsins fyrir áskrifendur á þeim stað, þar sem það er gefið út.

3. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1876, en aptur nemast úr gildi 8. og 9. gr. í tilskipun um póstmál á Íslandi, 26. febrúar 1872.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 15. dag oktbrm. 1875.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*Nellemann.*

Nr. 18. Lög 15. oktbr. um breyting á tilskipun um póstmál á Íslandi, 26. febr. 1872.

c. For Pakker: Nr. 18.
30 Øre for hvert Pund af Pakkens Vægt. Brøkdele af et Pund regnes for et helt Pund. Er Værdien angiven, betales endvidere den under litra b. anførte Assurancepræmie. Indeholder en Pakke gangbar Mønt, Pengerepræsentativer, Obligationer lydende paa Ihændehaver eller andre lignende Papirer, og forlanges dette Indhold eftertalt, da sker det paa samme Vilkaar som for Pengebreve. For Adressebreve erlægges ingen særskilt Betaling. 15. Oktbr.

Medfølger et Bevis til Erhvervelse af Modtagerens Kvittering for anbefalede Breve Pengebreve eller Pakker, betales dette Bevis som et almindeligt Brev.

For de under litra a. Nr. 3 samt b. og c. nævnte Forsendelsers Vedkommende udstedes Tilstaaelse af Postvæsenet for en Betaling af 5 Øre. Dog behøver Afsenderen ikke at erlægge nogen Betaling for en saadan Tilstaaelse, hvis han medbringer en Postkvitteringsbog, hvori er indført Modtagerens Navn saavel som Forsendelsens Værdi og Vægt, saa at vedkommende Postfunktionær ikkun har at skrive sit Navn. For Indleveringen af de under litra a. Nr. 1 og 2 nævnte Forsendelser kan Tilstaaelse ikke forlanges.

For at tillægge Lak til Forsegling af en Forsendelse, for at forsyne en saadan med fornødent Mærke, for at konvolutere et Pengebrev, for at paaskrive en Adresse eller at levere eller udfærdige et Adressebrev erlægges 5 Øre for hver Ydelse, dog saaledes at det samlede Beløb ikke maa overstige Portoen for den paagjældende Forsendelse.

Naar Forsendelser, der ikke have været ude af Postvæsenets Værge, tilbage eller videre sendes fra det oprindelige Bestemmelsessted, betales for Pengeforsendelser en Tillægsporto af 2 Øre pr. 100 Kroner, og for Pakkesager en Tillægsporto af 10 Øre pr. Pund, dog i intet Tilfælde mindre end 10 Øre. For andre Forsendelser betales derimod ingen saadan Tillægsporto.

Den i nærværende Paragraf fastsatte Betaling for Eftertælling saavel som for at tillægge Lak til en Forsegling af en Forsendelse, for at forsyne en saadan med Mærke o. s. fr. tilfalder vedkommende Postfunktionærer.

§ 2.

Paa Tidender og Tidsskrifter kan der abonneres gjennem Postvæsenet. Reglerne herfor fastsættes af Postbestyrelsen.

Naar saadant Abonnement besørges af Postvæsenet, forsendes med Posten hver 2 Nr. for en Porto af 1 Øre, beregnet efter Gjennemsnittet af det i en Abonnementstermin planmæssig udkommende Antal Nummere; dog betales mindst 10 Øre for Forsendelsen af de i et Fjerdingaar udkomne Nummere.

For Modtagelse af Abonnement og den dermed forbundne Oppebørsel og Afregning erlægges 8 pCt. af Abonnementsprisen paa Udgivelsesstedet.

§ 3.

Denne Lov træder i Kraft den 1ste August 1876, hvorimod §§ 8 og 9 i Forordning om Postvæsenet paa Island af 26de Februar 1872 fra samme Tid ophæves.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 15de Oktober 1875.**
**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

**(L. S.)**

*Nellemann.*

---

Nr. 18. Lov af 15de Oktbr. om Forandring i Frd. om Postvæsenet paa Island af 26de Febr. 1872.